

Sveitarstjórn Reykhólahrepps
Stjórnsýsluhúsinu við Maríutröð
Reykholum
380 Reykhólahreppur
skrifstofa@reykholar.is



www.umhverfissinnar.is
Pósthússtræti 3-5
101 Reykjavík

Einnig sent á:
Vesturbyggð, vesturbyggd@vesturbyggd.is.
Tálknaufjarðarhrepp, talknafjordur@talknafjordur.is.
Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknaufjarðarhrepps.

21. desember 2018

Hrós til sveitarstjórnar Reykhólahrepps

Við er til fyrra bréfs Ungra umhverfissinna, dags. 16. mars 2018, og fregna um að sveitarstjórn Reykhólahrepps hafi tekið leið R til raunverulegrar skoðunar varðandi vegagerð um Vestfjarðarveg 60. Einnig hafa Ungir umhverfissinnar kynnt sér fundargerðir 53. fundar samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknaufjarðarhrepps, 329. fundar bæjarstjórnar Vesturbyggðar og 535. fundar sveitarstjórnar Tálknaufjarðarhrepps.

Ungir umhverfissinnar vilja hrósa sveitarstjórn Reykhólahrepps fyrir að taka leið R til raunverulegrar skoðunar, enda er ekki betur séð en að hún sé farsæl málamíðlun varðandi samfélags-, byggða-, umhverfis- og kostnaðarsjónarmið.

Líkt og fram kom í fyrrgreindu bréfi er vissulega alvarlegt hve umrædd veglagning hefur tafist en sé horft til hagsmuna komandi kynslóða er nauðsynlegt að við gerð áætlana sé horfti til langs tíma, sem félagið telur að sé gert með vali á leið R miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir.

Félagið telur því að um sé að ræða aðdáunarverða framsýni af hálfu sveitarstjórnar Reykhólahrepps og mikilvægt skref í átt að sjálfbærri þróun varðandi skipulag sveitarfélaga á Íslandi almennt. Enn fremur telja Ungir umhverfissinnar að sveitarstjórnir á sunnanverðum Vestfjörðum hljóti að geta vera sammála um mikilvægi þessi að stofnæðir vegakerfis séu í nálægð við þéttbýli.

Með óskum um farsælan og málefnalegan framgang mála.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna

Pétur Halldórsson, formaður

S. 848-3540 / petur@umhverfissinnar.is